

**Nd.**

**112. Frumvarp til laga**

[100. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

**1. gr.**

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 76/1975) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að söluskattsauki samkvæmt söluskattslögum verði hækkaður um 1%. Jafnhliða verður lagt til með öðru frumvarpi að felld verði úr gildi lög nr. 9 27. febrúar 1976 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Fellur þá niður hið svonefnda oliugjald sem nemur nú 1% á söluskattsstofn.

Breyting sú sem í frumvarpinu felst hefur því hvorki áhrif til hækkunar eða lækkunar á skattlagningu vöru og þjónustu.

Breytingin er gerð til einföldunar og hagræðis, en þeim tekjum sem komu af oliugjaldinu og gengu til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða bæði beint og óbeint er áætlað að ráðstafa í framtíðinni á fjárlögum hverju sinni.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1977 er lagt til að 600 milljónum króna verði varið til beinna styrkja til þeirra aðila sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Þar er einnig lagt til að 1000 milljónir króna renni í Orkusjóð til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða og til að standa undir skuldbindingum sjóðsins að öðru leyti.